

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum á sæbjúgum á veiðisvæði við Austurland.

1. gr.

Frá og með 3. apríl 2017 eru allar veiðar á sæbjúgum óheimilar á veiðisvæði við Austurland sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

1. 65° 05,40' N - 13° 21,00' V
2. 65° 05,40' N - 13° 33,00' V
3. 64° 43,20' N - 13° 53,40' V
4. 64° 43,20' N - 13° 41,40' V
5. 65° 05,40' N - 13° 21,00' V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti sakamála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi og fellur úr gildi 31. ágúst 2017.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. mars 2017.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*